



## Áskriftarsamningur 9. – 10. bekkjar:

### Heit máltíð í hádeginu

Hádegishlé í Ólafsvík er kl. 11:30 alla skóladaga sem nemendur 9.-10. bekkjar eru í skólanum. Skólaárið 2011-2012 velja forráðamenn hvort þeir ætla að hafa börn sín í heitum mat alla daga vikunnar eða senda börn með nesti að heiman til að snæða í hádeginu. Nú er svo komið að nemendur þessara bekkja eru í skólanum eftir hádegishlé alla daga.

**Hægt er að velja um að kaupa einstaka máltíð eða mánaðaráskrift. Áskriftarsamningi þessum þarf að skila til umsjónakennara 23. ágúst undirrituðum af forráðamanni nemanda.**

Samningstímabilið er skólaárið 2011-2012. Hyggist forráðamaður segja upp áskrift á samningstímabili þarf **skrifleg uppsögn að hafa borist skólaritara 20. virka dag fyrir þann mánuð sem uppsögn á að hefjast.**

Framreiðsla skólamáltíða hefst mánudaginn **22. ágúst**. Verð mánaðaráskriftar er **jafnaðarverð, kr. 6.500 á mánuði. Fyrsti greiðsluseðill er með gjalddaga 5. sept. 2011 og sá síðasti 4. maí 2012.**

**Ef valið er að kaupa einstaka máltíð er verð máltíðar kr. 380. Tilgreina þarf þá daga sem óskað er eftir að kaupa máltíð.**

Greiða skal hvern mánuð fyrirfram með heimsendum greiðsluseðlum frá Snæfellsbæ. Eindagi greiðsluseðils er 11. hvers mánaðar. Ef greiðsla hefur ekki borist á eindaga, áskilur skólinn sér rétt til að hefja frekari innheimtuaðgerðir.

Matseðill er birtur á heimasíðu Grunnskóla Snæfellsbæjar <http://www.gsnb.is>.

### Munið að skila afklippunni hér að neðan 23. ágúst!

----- klippa -----

#### Áskrift að skólamáltíð nemenda 9. - 10. bekk 2011 - 2012

Nafn nemanda: \_\_\_\_\_, bekkur: \_\_\_\_\_

Ég, undirritaður forráðamaður nemandans, staðfesti hér með undirskrift minni skráningu hans í áskrift í heitan hádegismat í mötuneyti grunnskólans.

Mataráskrift: ( )

Einstakar máltíðir: Mán ( ) Þri ( ) Mið ( ) Fim ( ) Föst ( ) Verð pr. viku \_\_\_\_\_

Nafn forráðamanns: \_\_\_\_\_

Kennitala: \_\_\_\_\_